

Umbótaáætlun Valsárskóla vor 2021

Ytra mat frá Menntamálastofnun apríl 2021

Stöðuyfirlit september og október 2022



Umbótaáætlun Valsárskóla er unnin í framhaldi af ytra mati Menntamálastofnunar sem unnið var í mars 2021. Ytra mat í grunnskólum er samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Matið snýr að stjórnun og faglegri forystu, námi og kennslu og innra mati.

Umbótaáætlun var unnin af umbótateymi Valsárskóla og skólastjóra í apríl og maí 2021. Umbótaáætlun var kynnt á opnum fundi með foreldrum í Valsárskóla 2. júní 2021, send á skólaráði 21. júní, skólastjórn 1. júní og 14. júní og skólanefnd 14. apríl og 15. júní 2021.

Stöðumat var unnið í september árið 2022. Matið var kynnt á kennarafundi 15. september, kynnt í skólaráði 28. september og lagt fyrir skólanefnd 4. október 2022.

Staðan í september 2022 er í dálk lengst til hægri í töflu og er litað með gráum lit til afmörkunar.

1. Stjórnun og fagleg forysta

Tækifæri til úrbóta	Leiðir að umbótum	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Aðgerðir metnar	Stöðumat í september 2022
Kennarar geri skólastjóra grein fyrir því með hvaða hætti þeir efla gæði náms og kennslu nemenda.	Mótað skipulag þar sem kennarar gera reglulega grein fyrir gæðum náms og kennslu.	September 2021	Skólastjóri	Markmið og leiðir skráð reglulega.	Árlega í vorskýrslu sem fer á heimasíðu skólans.	Virkt: kennarar skila greinargerð sem fer í vorskýrslu með mismunandi áherslum ár hvert. Auk þess fylgist skólastjóri reglulega með kennslustundum. Sjá t.d. bls. 20-23 https://skolar.svalbardsstrond.is/static/files/vorskýrsla-2021-2022-juni-2022-2-.pdf
Skrá verklag yfir það með hvaða hætti gögn um námsárangur, líðan nemenda, niðurstöður kannana og skimana eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur nemenda.	Búið til skipulag í samvinnu við náms- og starfsráðgjafa og sérkennara þar sem öll gögn eru skoðuð reglulega með tilliti til námsárangurs, líðan og niðurstöður kannanna.	Júní 2021, september 2021 og janúar 2022.	Skólastjóri	Gögn úr Skólápúlsi og frá MMS eru borin saman milli ára. Auk þess eru markmið einstakra nemenda metin m.t.t. árangurs.	Metið í maí og júní 2022 og árlega í sömu mánuðum.	Lokið: sjá: https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/aaetlanir/verklag-um-arangur og https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/aaetlanir/verklag-um-lidan
Auka ábyrgð og þátttöku starfsfólks í verkefnum eins og þróunarvinnu og innra mati.	Virkja allt starfsfólk við gerð sí- og endurmenntunaráætlun og virkja innra mats teymið.	September 2021 og júní 2022 og síðar árleg verkefni	Skólastjórn	Niðurstöður úr starfsmannakönnun notaðar til að meta þátttöku.	Metið regluleg í innra mats skýrslu.	Virkt: Allir kennarar skólans unnu saman að umbótaáætlun veturinn 2021-2022 og verður framhald á í vetur. Er hluti af innra mati og margt í þeirri vinnu hefur leitt af sér góðar samræður og aukna samstöðu og skuldbindingu í starfinu. Áætlun um endurmenntun og skólaþróun verður uppfærð til þriggja ára á skólaárinu 2022-2023
Skólastjóri fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.	Skólastjóri fer reglulega í kennslustundir og fylgis með námi og kennslu með ákveðin gæðaviðmið í huga. Eyðublöð eru notuð til að skrá ákveðna þætti s.s. virkni nemenda.	Október og febrúar árlega. Hefst haust 2021.	Skólastjóri og staðgengill skólastjóra.	Skólastjóri dregur saman helstu atriði úr skráningarblöðum og kynnir kennurum og skólaráði árlega. Fylgt eftir í starfsmannasamtölum árlega.	Metið árlega í júní	Virkt: Framkvæmt fyrst haust og vetur 2021-2022, sjá bls. 22-23 https://skolar.svalbardsstrond.is/static/files/vorskýrsla-2021-2022-juni-2022-2-.pdf

Skrá og birta opinberlega gögn sem sýna framgang þróunarvinnu, mat á verkefnum og fundargerðir verkefna.	Greinargerð í vorskýrslu.	Júní 2021	Staðgengill skólastjóra	Þróunarvinna metið með rýnihópi kennara og starfsmanna.	Árlega í vorskýrslu sem fer á heimasíðu skólans.	Virkt: Fundargerðir gerðar á öllum starfþróunarfundum og unnin samantekt sem er sett í vorskýrslu. Sjá t.d. á bls. 5-10 https://skolar.svalbardsstrond.is/static/files/vorskýrsla-2021-2022-juni-2022-2-.pdf
Huga þarf að aðkomu allra hagsmunaaðila við endurskoðun á skólastefnu.	Foreldraþing haldið að hausti. Aðrir fundir eru skv. fundaráætlun sem fram kemur í árlegri starfsáætlun s.s. skólaráð og spjall við foreldrafélagið í maí.	September - október 2021	Fundargerðir	Fundargerðir eru metnar.	Árlega í vorskýrslu	Virkt: Foreldraþing var haldið í fyrsta skipti 10. nóvember 2021. Það verður næst 15. nóvember 2022. Skólaráð er virkt og fundar a.m.k. þrisvar á ári, sjá: https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/nefndir-og-rad-1/skolarad .
Skipa þarf fulltrúa grenndarsamfélagsins í skólaráð.	Fulltrúi grenndarsamfélagsins fundinn og hefur störf haust 2021	Ágúst 2021	Skólastjórn	Skráð í fundargerð í september 2021	Kemur fram í innra mati hvert og á heimasíðu..	Lokið: fulltrúi grenndarsamfélagsins hefur verið virkur í skólaráði. Sjá https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/nefndir-og-rad-1/skolarad
Skrá þarf verklag yfir það með hvaða hætti upplýsingum um árangur í skólastarfi er komið til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.	Áætlun er sýnileg á heimasíðunni og upplýsingum komið til viðeigandi aðila í júní, október, apríl og þegar niðurstöður liggja fyrir úr Skólalapskönnunum.	Upplýsingum safnað sem fara frá skólanum. Búið til stöðluð bréf sem hægt er að nota.	Skólastjóri.	Skólalaps, könnun til foreldra.	Metið annað hvert ár.	Virkt: Foreldrum er sent bréf með helstu niðurstöðum t.d. úr könnunni Skólalaps og könnunin í heild er aðgengileg á síðu skólans. Sjá t.d. https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/aaetlanir/mat-a-skolastarfi Foreldrar fá jafnt og þétt upplýsingar um stöðu nemenda í námi í gegnum Mentor og þar að auki eru samtals dagar tvisvar á ári.
Fylgja þarf niðurstöðum úr könnunum og prófum ytri aðila markvisst eftir með tilliti til framfara hvers og eins nemanda.	Skólastjóri og sérkennari fara yfir niðurstöður allra nemenda úr læsisprófum og samræmdum könnunarpófum og skoða námsframvindu nemenda.	Júní og ágúst 2021.	Skólastjóri og sérkennari.	Skráð yfirlit um árangur nemenda.	Framfarir nemenda metnar milli ára.	Virkt: samstarf sérkennara og skólastjóra í samvinnu við umsjónarkennara. Farið er t.d. yfir niðurstöður lesfímiprófa og úrræði og sérkennsla skipulögð út frá þeim að hausti og í janúar og maí.
Kynna einkunnarorð skólans betur fyrir nemendum og gera þau sýnilegri í skólastarfinu	Þemavinnur í öllum árgöngum um einkunnarorð skólans.	Oktober 2022.	Skólastjóri og staðgengill skólastjóra.	Rafræn könnun.	Metið í vorskýrslu ár hvert.	Verður unnið í október 2022.

2. Nám og kennsla						
Tækifæri til úrbóta	Leiðir að umbótum	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Aðgerðir metnar	Stöðumat í september 2022
Skrá í námsvísa og kennsluáætlanir hvernig tilhögun og framkvæmd námsaðlögunar og stuðnings er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni.	Allir kennarar skrá í námsvísa hvernig aðlögun er háttað í hverju fagi.	Ágúst-september 2021.	Valdir kennarar.	Námsvísar metnir í lok september og gert yfirlit yfir hvort aðlögun sé skýr eða þarfnist frekari úrbóta sem brugðist er strax við.	Í janúar 2022	Virkt:: unnið í september og október 2021 og uppfært í september 2022 og árlega eftir það Sjá: https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid/namsvisar
Gera formlega áætlun um hvernig bregðast skuli við niðurstöðum prófa og skimana og setja fram viðmið um þann árangur sem stefnt er að.	Áætlun unnin	Skólaárið 2021-2022	Valdir kennarar.	Áætlun metin af umbótateymi.	Í maí 2022.	Lokið 2021-2022, sjá: https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/aaetlanir/verklag-um-arangu r og
Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í námsvísum og skólanámskrá.	Setja inn kafla í námskrá um viðmið og matskvarða sem verið er að nota í skólanum.	Haut 2021	Valdir kennarar.	Áætlun metin af skólaráði og umbótateymi.	Í apríl 2022.	Lokið, sjá: https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid/namsmat
Vinna markvisst með grunnþætti menntunar og markmið í námi og kennslu jafnframt því að þjálfa nemendur í að meta eigin framfarir í námi.	Gera grunnþættina sýnilega í námsvísum og heimasíðu og vinna markvisst með þá. Vinna markvisst með sjálfsmat og framfarir nemenda.	Skólaárið 2022-2023	Umbótateymi	Rýnihópaviðtal við nemendur.	Í mars 2022.	Verður unnið á yfirstandansi skólaári í tengslum við starfsþróun um leiðsagnarnám.

Skýra betur og setja fram verkáætlun um sérstakan stuðning, námsaðlögun og einstaklingsnámskrá í samræmi við stefnu skólans.	Útbúa skýringarmynd um leiðir í námsaðlögun.	Skólaárið 2021-2022	Skólastjóri og sérkennari	Áætlun metin af skólaráði og umbótateymi.	Í mars 2022.	Lokið: sjá: https://skolar.svalbardsstrond.is/is/va/sarskoli/skolastarfid/studningur-vid-nemendur
Vinna einstaklingsnámskrár með tilliti til markmiða, leiða að markmiðum, endurmats og árangurs og hafa foreldra og nemendur með í ráðum þar sem við á.	Útbúa form fyrir einstaklingsnámskrá og fyrirkomulag sérkennslu.	Júní og september 2021	Valdir kennarar.	Farið yfir reglulega hvort einstaklingsnámskrár sem útbúnað hafi verið séu í virkri notkun.	Viðvarandi	Virkt: allir kennarar sem sjá um sérkennslu vinna einstaklingsnámskrá út frá markmiðum og leiðum. Þær eru gerðar til styttri tíma og endurmetnar út frá árangri a.m.k. tvisvar yfir skólaárið. Áætlanir eru unnar í samstarfi við og/eða kynntar foreldrum og nemendum, eftir aldrí og þroska nemenda. Einstaklingsnámskrá er varðveitt í persónumöppu nemenda.
Efla og þjálfa nemendur í að gera sér betur grein fyrir hlutverki sínu og áhrifum sem þeir geta haft á námsumhverfið og námstílhögun.	Útbúa mánaðaryfirlit og ársáætlun yfir hvenær unnið er með þessa þætti á bekkjarfundum í hverjum samkennsluhópi.	Haust 2021	Valdir kennarar.	Nemendasamtöl tvisvar á ári og svör nemenda úr Skólaláplúsi eru metin.	Árlega.	Virkt: vinna með nemendaráði og umræða við nemendur hefur verið eflað. Einnig má nefna leiðir eins og bekkjarfundir og skólaþing sem eru mjög virkar. Mál tekin fyrir á bekkjarfundum, rædd þar og ef ástæða þykir til fara mál fyrir skólaþing, eru lögð fram, fá umfjöllun og kosið um niðurstöðu máls. Kennarar eru að lesa um leiðsagnarnám og þar eru verkfæri sem passa vel að nemendur hafi áhrif á nám sitt sem við vonandi náum að nýta okkur með nemendum í framtíðinni.
Huga að virkum námstíma nemenda í kennslustundum.	Framkvæma virknimælingar vor og haust. Umræður um vinnusemi á bekkjarfundum og fer inn í áætlun um viðfangsefni bekkjarfunda.	September 2021 og apríl 2022	Skólastjóri	Helstu niðurstöður bekkjarathugunar og virknimælinga settur upp í töflureikni og gerðar nemendum og foreldrum sýnilegar.	Árlega í september og apríl.	Virkt: virknimælingar voru gerðar í öllum námshópum skólaárið 2021-2022. Sjá umfjöllun á bls. 23 https://skolar.svalbardsstrond.is/starti/c/files/vorskyrsla-2021-2022-juni-2022-2-2.pdf

Gæta þess að kennslustundafjöldi í námsgreinum uppfylli viðmiðunarstundaskrá.	Skólastjóri og umsjónarkennarar huga að viðmiðunarstundaskrá við gerð stundaskráa að vori. Faggreinakennarar fylgja sínu fagi eftir.	Vor 2021	Umbótateymi	Fjöldi kennslustunda settur inn í töflureikni og hlutfall reiknað í maí ár hvert.	Árlega að vori.	Virkt: stundatöflur námshópa eru gerðar skv. viðmiðunarstundatöflu. Sjá útskýringar á heimasíðu skólans, t.d. á bls. 11 https://skolar.svalbardssstrond.is/stati/c/files/starfsaerlun-2021-2022-valsar-skola.pdf
Huga að því að nemendur í tónlistarnámi missi ekki ávallt af kennslustundum í sömu námsgrein.	Tónlistarkennarar og umsjónarkennarar setja niður stundatöflu tónlistar í sameiningu. Foreldrum gerð grein fyrir því að vinna gæti þurft upp það sem gert var meðan nemandinn var í tónlistarnámi.	Október 2021, febrúar 2022 og maí 2022.	Skólastjóri	Staðan tekin á kennarafundum og reynslan metin og kjölfarið samtalið við Tónlistarskóla Eyjafjarðar.	Árlega að vori.	Virkt: skipulagsbreyting var gerð þegar Tónlistarskóli Eyjafjarðar tók við öllu tónlistarnámi í Valsárskóla í ágúst 2021. Skipulagið var aðlagðað þannig að nemendur fara úr kennslustundum á mismunandi tíma.
Vinna með og efla námsvitund nemenda hvað varðar áhugasvið, hæfileika, námsstíl og trú á eigin námsgetu.	Vinna á markvissari hátt að því að leiðbeina nemendum við að efla námsvitundina s.s. með sýnilegum og mælanlegum viðmiðum. Hafa hæfniviðmið sýnilegri og virkja notkun þeirra betur í öllum greinum.	Hefst haust 2022	Valdir kennarar.	Nemendasamtöl tvisvar á ári og svör nemenda úr Skólapúlssi eru metin.	Árlega að vori.	Virkt: Unnið er nú markvisst með hæfniviðmið og viðmið um árangur í öllum samkennsluhópum og þau rædd við nemendur. Allir kennarar eru nú að lesa saman um leiðsagnarnám í skólaþróun og er margoft í þeirri nálgun sem styður við aukna þátttöku nemenda í skipulagi námsins. Fylgst verður með niðurstöðum í Skólapúlssi sem sýna trú nemenda á eigin námsgetu.
Þjálfarar nemendur til að taka þátt í skólaráði og öðrum nefndum á vegum skólans.	Þjálfarar nemendur áfram í að taka þátt í skólaráði og öðrum nefndum.	Vinnan er hafin vor 2021	Skólastjóri og umsjónarkennari elstu nemenda.	Skólastjóri og umsjónarkennari halda utanum virkni nemendaráðs t.d. varðandi viðburði á þeirra vegum.	Árlega að vori.	Virkt: nemendum er leiðbeint með vinnu í nemendaráði og skólaráði. Gerð er áætlun t.d. um fundi vetrarins og hvað felst í hlutverkum í nefndum. Nemendur fá stuðning, hvatningu og tíma til að sinna sínum hlutverkum.

Skrá og birta formlegt verklag um það hvernig fulltrúar nemenda í stjórnnum og nefndum koma upplýsingum á framfæri við aðra nemendur skólans.	Nemendur í nefndum og ráðum þurfa að búa til skipulag um hvernig þeir ætla að koma upplýsingum á framfæri við aðra nemendur. Skipulagið fer svo inn á heimasíðuna. Fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.	Skólaárið 2021-2022	Umsjónarkennarar nemenda í nefndum og ráðum.	Gögn af heimasíðu skoðuð og virkni t.d. nemendaráðs tekin saman.	Árlega að vori.	Virkt: vinna er hafin og t.d. eru fundargerðir nemendaráðs birtar á heimasíðunni og liggja fram á svæðum nemenda þannig að þeir geti fylgst með. Auk þess kynnir nemendaráð störf sín að haust og stendur fyrir viðburðum. Eftir er að skrá verklag og birta.
--	---	---------------------	--	--	-----------------	---

3. Innra mat						
Tækifæri til úrbóta	Leiðir að umbótum	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Aðgerðir metnar	Stöðumat í september 2022
Nýta markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum og viðmiðum um árangur og upplýsa alla hagsmunaaðila um niðurstöður og umbætur.	Virkja innra mat í skólanum eins og áætlanir gera ráð fyrir. Búið er að stofna innra mats teymi sem fundar a.m.k. þrisvar á ári.	júní 2021, september 2021 og mars 2022.	Skólastjóri	Fundargerðir	Árlega í júní.	Virkt: skólaráði og skólanefnd gefnar upplýsingar um niðurstöður umbóta reglulega. Innra mats teymi er virkt og fær t.d. vorskýrslu til umsagnar.
Meta stefnu skólans með skilgreindum viðmiðum um árangur fyrir hvert markmið.	Rýnt í stefnu skólans og hvernig hún birtist nemendum, kennurum og starfsfólki.	September ár hvert	Skólastjórn	Metið með skólapúls könnunum til foreldra og starfsfólks annað hvert ár.	Í vorskýrslu ár hvert sem fer á heimasíðu skólans.	Virkt: með umræðu á fundum með starfsfólki haust 2021 og 2022. Kynnt á haustfundum 2021 og 2022.
Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.	Skólaráð hefur verið virkjað og auk þess verður myndaður rýnihópur foreldra. Foreldraþing verður haldið í september ár hvert og kaffispjall með stjórn foreldrafélagsins árlega í maí.	September 2021, febrúar 2022 og apríl 2022.	Skólastjórn	Fundargerðir skólaráðs og vorskýrsla.	Metið árlega að vori.	Virkt: skólaráð hefur hlutverk matsteymis og er virkt.
Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.	Þrír fundir eru skipulagðir á skólaárinu þar sem allir fulltrúar eru virkir og fá senda upplýsingar til að meta og skoða.	September 2021, febrúar 2022 og apríl 2022.	Skólastjórn	Fundargerðar metnar.	Í vorskýrslu ár hvert sem fer á heimasíðu skólans.	Virkt: sjá t.d https://skolar.svalbardssrond.is/is/skolinn/hefndir-og-rad-1/skolarad

Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.	Áætlun um innra mat er metin ár hvert.	Í september 2021.	Skólastjóri og staðgengill skólastjóra.	Rýnt í áætlun og hún endurskoðuð m.t.t. vorskýrslu.	Viðvarandi	Í vinnslu: áætlun um innra mat verður endurskoðuð og uppfærð skólaárið 2022-2023.
Vinna umbótaáætlun þar sem fram kemur tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.	Umbótaáætlun er klár fyrir skólaárið 2021-2022.	Lokið	Umbótateymi og skólastjóri.	Áætlun metin og endurskoðuð árlega. Alltaf ágúst/september.	Í vorskýrslu ár hvert sem fer á heimasíðu skólans.	Virkt: sbr. þessi skýrsla.
Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.	Þungamiðja vorskýrslu verður um niðurstöður innra mats og hvernig umbætur ganga.	Júní 2021	Skólastjóri og innra mats teymi.	Innra mats teymi/skólaráð leggur mat á framgang úrbóta vegna innra mats.	Í vorskýrslu ár hvert sem fer á heimasíðu skólans.	Virkt: Sýnilegt í vorskýrslum sem eru aðgengilegar á heimasíðu skólans og er unnin árlega.